

Sp.

499. Fyrirspurnir.

[247. mál]

I. Til samgönguráðherra um mat á eignum Iscargo hf.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvers vegna greiddi fulltrúi samgönguráðherra í stjórn Flugleiða hf. atkvæði gegn því á stjórnarfundum félagsins hinn 11. mars síðastliðinn, að fram yrði látið fara mat óvilhallra manna á verðmæti þeirra eigna Iscargo hf. sem Arnarflug hf. hefur nú keypt?
2. Er samgönguráðherra andvígur því, að slíkt mat fari fram?

II. Til forsætisráðherra um skipaverkstöð í Reykjavík.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þess fyrirheits úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um iðnað, að stuðlað verði að byggingu skipaverkstöðvar í Reykjavík?